

108. fundur

9. maí 2018

0912049SA BÓH

Málalykill: 16.34

**Fundargerð samstarfsnefndar
Sambands íslenskra sveitarfélaga
og
Kennarasambands Íslands
vegna Félags leikskólakennara**

Fundur haldin miðvikudaginn 9. maí 2018 í Borgartúni 30, Reykjavík og hófst hann kl. 10:00.

Mætt fyrir hönd Félags leikskólakennara Haraldur F. Gíslason, Fjóla Þorvaldsdóttir og Helga Charlotte Reynisdóttir. Fyrir hönd Sambands íslenskra sveitarfélaga, Atli Atlason og Bjarni Ómar Haraldsson sem einnig ritaði fundargerð. Fundurinn er sameiginlegur fundur samstarfsnefnda FL og FSL.

Þá var gengið til dagskrár.

1. Lagðar fram til samþykktar tillögur starfshóps um breytingar á samþykktum og starfsreglum Vísindasjóðs Félags stjórnenda leikskóla og Félags leikskólakennara - 1805009SA

Starfshópur sem skipaður var vegna endurskoðunar á reglum Vísindasjóðs FSL og FL hefur nú vísað tillögum sínum að breyttum samþykktum og starfsreglum til samþykktar hjá samstarfsnefndum Kennarasambands Íslands og Sambands íslenskra sveitarfélaga vegna Félags stjórnenda leikskóla og Félags leikskólakennara.

Niðurstaða:

Samstarfsnefnd samþykkir einróma tillögur að breyttum samþykktum og starfsreglum Vísindasjóðs FSL og FL. Breyttar samþykktir og starfsreglur taka gildi frá og með 1. júní 2018.

Starfhópnum eru þökkuð vel unnin störf.

2. Önnur mál

Engin önnur mál.

Fundi slitið klukkan 11:00